

Bragi Ásgeirsson:

HÚSVERND

UNDANFARNAR vikur hefur staðið yfir mjög athyglisverð sýning í sýningarsölum Norræna hússins, sem haldin er í beinum tengslum við Húsfriðunarár Evrópu. Að sýningunni standa Norræna húsið, Torfusamtökin og Þjóðminjasafnið. Auk þess getur að líta í innri sal farandsýningu frá Norræna sýningarráðinu, er nefnist „Norræni timburhúsabærinn“. Litskygnur ganga og í sífellu og bregða upp fróðlegum myndum af gamalli arfleifð í íslenskri húsagerðarlist og eru þær margar gullfallegar og mikil nautn fyrir augað.

Húsfriðun á sér nokkra sögu héraendis, og mun það hafa verið Matthías Þórðarson þjóðminjavörður, sem fyrstur manna beitti sér fyrir varðveislu og viðgerð

gamalla og merkra bygginga, en það er hins vegar tiltölulega stutt síðan skipulega var farið að vinna að slíkum málum. Að flestra mati, sem eitthvað þekkja til þessara hluta héraendis, og fylgt hafa með þróuninni í byggingarlist, hefur hér verið farið mannsaldri of seint af stað. Skipuleg tök á þessum málum síðustu áratuginu hefðu getað komið í veg fyrir ýmsa öfugþróun í íslenskri húsagerð til sjávar og sveita. Flest þorp og kaupstaðir á Íslandi hafa verið gerðilögð með því að drita sömu teikningunum um land allt án tillits til umhverfis né fyrri byggingarstíla á viðkomandi stöðum. Sömu sögu er víða hægt að segja um hús til sveita, sem eru í æðandi ósamræmi við landslagið.

Hér á fræðslukerfið nokkra sök á málum, þar sem formkennd hefur ekki verið nægilega kennd í skólum og myndiðakennsla stórlega vanrækt og vanmetin. Ennþá er t.d. ekki til ein einasta kennslubók í þessum atriðum á Íslandi, a.m.k. ekki sem svarar nútíma-kröfum.

Að sjálfsögðu er það fáfræði, þekkingarskortur og skammsýni, sem hér hefur ríðið húsum þannig, að svo er komið, að landið

Framtíð fyrir fortíðina

hlýtur að vera Útópía þeirra, sem vilja sjá dæmi þess, hvernig ekki eigi að fara að í þessum efnum. En Ísland mun gleggsta dæmið um misþyrmingu fornrrar arfleifðar í húsagerðarlist í gervallri Evrópu. Segja má jafnvel, að íslenskt smekkleysi hafi verið drýgra í eyðileggingarstarfsemi sinni í nafni uppbyggingar en tvær heimsstyrjaldir í Evrópu. Þetta er harður dómur, en frá honum hvika ég ekki eftir að hafa dvalið og ferðast um Evrópu og kynnt hlutunum af eigin raun. Þar hafa menn endurbyggt heilu hverfin, kirkjur og risastórar hallir nákvæmlega eins og þau voru í upprunalegri mynd, þótt byggingarnar væru ein rústa-hruga eftir loftárásir eða bardaga. Á sýningunni í Norræna húsinu er með samantitlingamyndum ásamt textum brugðið upp ágætum dæmum um misþyrmingu á upprunalegum og svipmiklum byggingastíl, gluggakarmar rifnir út og tvöfalt gler í sviplausri umgerð í ósamræmi við hinn eldri byggingarstíl, sett í staðinn, — Hús forsköluð að utan en slíkt er einhver vöðalegasta meðferð á ytra byrði húsa, sem hugsast getur, og ætti að varða við lög. Það er vissulega tímabært að sporna við hvers konar misþyrmingu menningarverðmæta hverju nafni, sem þau nefnast, og það verður best gert með því að setja lög, er hindri slíkt. Menn mega ekki gleyma því

að hús er líka umhverfismótun og kemur því miklu fleiri við en eigandanum einum.

Hvernig fór fyrir Garðakirkju, einhverri fegurst hlöðnu kirkju á Íslandi? Er hún var endurbyggð fyrir nokkrum árum, mýruðu menn yfir grjóthleðsluna bak og fyrir, og hvernig fór fyrir Bessastaðakirkju, einustu Rókkókkirkju á Íslandi? Það er svo átakanleg saga, að best er að áhugasamir kynni sér þetta sjálfir á umræddri sýningu. Menn athugi vel breytingarnar, sem hafa orðið á húsum, taki eftir Kvennaskólanum, Prestaskólanum m.m.

Ekki er ýkjalangt síðan Reykviðingar fjölmenntu til Hafnarfjarðar til að njóta fegurðar fjarðarins, en fjörðurinn ásamt Grindavík var í þann tíma vinsælt viðfangsefni ýmissa nafntogaðra málara. Nú forðast menn frekar að koma á þessa staði og marga fleiri heldur en hitt.


Eg minnst þess glögt er ég fór í vegavinnu vestur að Ísafjarðardjúpi á stríðsárunum og suður aftur á haustin, hvað mikið var af furðulegum og skemmtilegum bóndabýlum á leiðinni, sem mér var starsýnt á. Í dag eru þau langflest horfin en smáutgáfa reykviskra húsa komin í staðinn og í flestum tilvikum í ósamræmi við umhverfið. Neyðarleg tegund af uppbyggingu það.

Annað er það, að í stað þess að hús séu byggð með gluggum, sem eiga að fullnægja þörfum íbúanna


fyrir góðri dagsbirtu, eru heilu hliðarnar oftlega einn einasti gluggi með fullkomlega óskipulegri birtu á veggjum, — og húsmæðurnar æða um verðanir til að festa kaup á dýrindis kaup á gluggatjöldum, sem að sjálfsögðu útiloka sólarljósið og birtuna að utan, en hinar frómu frúr kaupar sér þess í stað margra arma standlampa.

Aðsókn á þessa merku sýningu hefur verið skammarlega lítil fram að þessu, en vonandi taka borgarþátt og væntanlega einnig fólk úr nágrannabyggðinni við sér síðustu vikuna, sem sýningin er opin, því að hér er um að ræða gott dæmi um vistfræði, sem er mál, sem varðar velferð hvers einasta manns. Þakka ber svo þeim er lögðu hönd á plóginn varðandi þessa sýningu, sem þyrfti að fara sem víðast um landsbyggðina (með tilheyrandi viðbót) og koma svo aftur til höfuðborgarinnar á þeim tíma, er skólarnir eru að starfi. Menn athugi, að sýningin er opin frá 12—19 alla daga nema fimmtudaga en þá er hún opin til kl. 22, þetta gildir til 31. ágúst.

Mig langar að gefnu tilefni að skjóta því hér að, að mér þykja það afleit mistök, að sýningar-skrá, ríkulega myndskreytta ásamt fræðandi lesmáli, vantar. Er það ekki í samræmi við varðveislu og viðhald minja, að eitthvað liggi eftir til minningar um þessa merku sýningu? ...



Kvennaskólinn — fyrir og nú



Sjálfstæðishúsið gamla — fyrr og nú

Sýnir höggmyndir að Korpúlfsstöðum


HALLSTEINN Sigurðsson myndhöggvari heldur sýningu í vinnustofu sinni að Korpúlfsstöðum dagana 30. ágúst til 14. september. Hallsteinn mun fyrsti listamaðurinn sem sýnir verk sín að Korpúlfsstöðum, en þar í kjallaranum er húsnæði sem hann og aðrir listamenn hafa til afnota. Myndhöggvarafélagið hefur einnig húsnæði til afnota að Korpúlfsstöðum. Á sýningu Hallsteins eru 18 verk, öll tveggja ára eða yngri. Verkin eru öll járnskúlpúr og hafa fæst þeirra verið sýnd áður. Öll eru þau til sölu og kosta flest á bilinu 60—80 þúsund krónur.

Hallsteinn sagði Mbl. í stuttu samtali í gær, að hann vildi með sýningu sinni vekja athygli á að

stöðunni að Korpúlfsstöðum og kvaðst hann vilja vona að sýningin kynni að verða upphaf frekari lista- og menningarstarfsemi í húsinu.

Sýning Hallsteins er þriðja einkasýning hans, en hann hefur einnig tekið þátt í nokkrum samsýningum, þ. á m. sýningunni Young Artists í New York 1973 og sýningu 18 íslenskra myndlistarmanna í Bergen í vetur. Hallsteinn er fæddur 1945 og hefur stundað nám við Myndlista- og handiðaskólann, við listaskóla í London og einnig farið í námsferðir til Ítalíu og Grikklands og ferðast um Bandaríkin.

Eins og áður sagði verður sýning Hallsteins opnuð á morgun og verður opin daglega frá kl. 14—22 fram til 14. september.



Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari við eitt verka sinna að Korpúlfsstöðum.